



Ársskýrsla 2010

Inngangur	3
Saga, hlutverk og markmið	3
Hlutverk Birtu.....	4
Markmið	4
Stjórn og stjórnarfundir	5
Þjónustusamningur	6
Starfsfólk	6
Samstarfsaðilar og kennarar	6
Fyrirlesarar	7
Aðrir samstarfsaðilar	8
Tilvísanir	8
Brottfall	9
Þátttakendur.....	10
Kynja- og aldursskipting	10
Búseta þátttakenda.....	11
Afdrif þátttakenda.....	11
Endurhæfingin.....	12
Vorönn 2010.....	12
Nám eða námskeið utan skipulags starfs:.....	13
Haustönn 2010.....	13
Nám eða námskeið utan skipulags starfs:.....	13
Einstaklingsmiðuð endurhæfing.....	13
Útskrift	14
Starfskynningar	14
Samstarf við aðrar starfsendurhæfingarstöðvar.....	14
Samstarf við stofnanir	14
Mat á árangri og söfnun tölulegra upplýsinga.....	15
Lokaorð	15

Inngangur

Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir starfsemi Birtu, Starfsendurhæfingar Suðurlands á árinu 2010. Til stóð að hafa ársfund í apríl/maí líkt og kveðið er á um í skipulagsskrá en vegna óvissu um framtíð Birtu og möguleika á því að slíta yrði starfseminni var ákveðið að fresta fundi þangað til ljóst yrði hvort framhald yrði á starfseminni. Í lok árs 2011 er skipan starfsendurhæfingarmála á Íslandi enn í óvissu en ljóst að ársfundinn yrði að halda engu að síður! Í skýrslunni verður farið sögu, hlutverk og markmið Birtu. Farið verður yfir þátttakendur í starfsendurhæfingu, innihald endurhæfingar og árangur af endurhæfingunni. Einnig verður fjallað um samstarf við þjónustustofnanir og mat á árangri.

Saga, hlutverk og markmið

Birta, starfsendurhæfing á Suðurlandi, er sjálfseignarstofnun sem stofnuð var þann 19. maí 2009. Fyrirmynd Birtu eru aðrar landshlutatengdar starfsendurhæfingarstöðvar. Starfsendurhæfing Norðurlands var fyrsta starfsendurhæfingarstöðin á Íslandi og hóf hún starfsemi árið 2003. Í kjölfarið voru stofnaðar starfsendurhæfingarstöðvar í öðrum landshlutum. Starfsendurhæfingarstöðvar eru nú starfræktar á Norðurlandi, Vestfjörðum, Austurlandi, Suðurnesjum, Hafnarfirði og í Vestmannaeyjum.

Að stofnun Birtu komu sveitarfélög á Suðurlandi, fjölmargar stofnanir, stéttarfélög, lífeyrissjóðir og félagasamtök. Stofnaðilar Birtu eru; Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, Sveitarfélagið Árborg, Hveragerðisbær, Rangárþing ytra, Sveitarfélagið Ölfus, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Heilsustofnun NLFÍ, Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Suðurlandi, Vinnumálastofnun á Suðurlandi, Fjölbautaskóli Suðurlands, Fræðslunet Suðurlands, Stéttarfélagið Báran, Verkalýðsfélag Suðurlands, Verkalýðsfélagið FOSS, Verslunarmannafélag Suðurlands, Félag iðn- og tæknigreina, Festa lífeyrissjóður, Lífeyrissjóður Rangæinga og Árnesingadeild Rauða Kross Íslands. Fjöldi stofnaðila endurspeglar þann mikla áhuga og samvinnu sem ríkti milli aðila við að koma á fót starfsendurhæfingarúrræði á Suðurlandi.

Starfsemi Birtu hófst formlega þann 1. febrúar 2010 og þann 1. mars byrjaði fyrsti hópurinn í starfsendurhæfingu. Á árinu 2010 voru teknir inn tveir hópar með samtals þrjátíu þátttakendum. Við upphaf starfseminnar var gerður tilraunasamningur við Velferðarráðuneytið um tuttugu atvinnutengd endurhæfingarpláss á vorönn 2010.

Á árunum 2009-2010 var Birta með starfsaðstöðu hjá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Eyravegi 25 á Selfossi. Við flutning málefna fatlaðra til sveitarfélaganna í janúar 2011 fékk Birta starfsaðstöðu hjá sveitarfélaginu Árborg á Austurvegi 36. Til stendur að Birta verði í framtíðinni með starfsemi sína í nýrri þekkingarmiðstöð sem fyrirhugað er að verði í gamla Sandvíkurskóla á Selfossi.

Hlutverk Birtu

Hlutverk Birtu er að veita starfsendurhæfingu einstaklingum sem vegna veikinda, slysa og/eða félagslegra erfiðleika eru að vinna að endurkomu út á vinnumarkaðinn. Þátttakendur eru einstaklingar sem eru með endurhæfingar- eða örorkulífeyri, atvinnuleysisbætur, fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi eða sjúkradagpeninga frá stéttarfélagi.

Einstaklingar geta verið í starfsendurhæfingu hjá Birtu í fjóra til átján mánuði sem dreifast á þrjár annir og eina sumarönn. Eftir útskrift geta þátttakendur verið í eftirfylgd hjá Birtu í allt að átján mánuði.

Markmið

Markmið Birtu eru eftirfarandi:

- Að endurhæfa þátttakendur til vinnu.
- Að auka lífsgæði einstaklinga og fjölskyldna þeirra.
- Að þátttakandi verði virkur í samfélaginu að endurhæfingu lokinni, s.s. við vinnu, nám eða önnur verkefni.
- Að endurhæfing fari fram í heimabyggð.

Markmiðið er að veita heildstæða úrlausn á vanda hvers þátttakanda eins og kostur er hverju sinni. Áhersla er lögð á félagslega og sálræna endurhæfingu, heilsufarslega endurhæfingu og náms- og starfstengda endurhæfingu í samvinnu við stofnanir og þjónustuaðila á svæðinu. Þátttakandinn er sjálfur virkur í sinni endurhæfingu frá upphafi þar sem hann kemur með virkum hætti að gerð endurhæfingaráætlunar.

Endurhæfingin er einstaklingsbundin og tekur mið af þörfum einstaklingsins. Eintaklingar hafa val um náms- eða starfstengda endurhæfingarleið. Birta býður upp á fjölbreytt námskeið á hverri önn sem ætlað er að styrkja og efla þátttakendur í því sem þeir kunna að taka sér fyrir hendur í framtíðinni. Dæmi um námskeið á árinu 2010 eru; fjármálanámskeið, minnistækninámskeið, sjálfsstyrkingarnámskeið, í fókus námskeið, aftur í nám eða starf

námskeið og leirlistarnámskeið. Þá er lögð mikil áhersla á hreyfingu og heilsutengda fræðslu. Auk þess er boðið upp á fjármálaráðgjöf, sálfræðiviðtöl, hópefli, viðtöl hjá námsráðgjafa og ýmsa aðra sérsniðna meðferð eða ráðgjöf.

Stjórn og stjórnarfundir

Stjórn Birtu er kjörin á ársfundi og er skipuð fimm fulltrúum stofnfélaga og fimm til vara. Þrír stjórnarmenn eru kjörnir til tveggja ára og tveir til eins árs. Á ársfundi 2010 voru María Kristjánsdóttir, Ásmundur Sverrir Pálsson og Már Guðnason kjörin til tveggja ára og Sigurlín Guðný Ingvarsdóttir og Magna F. Birnir til eins árs. Anna Margrét Magnúsdóttir kom inn sem varamaður í stað Maianne Brandson Nielsen. Stjórn Birtu árið 2010-2011 er skipuð eftirtöldum:

- Formaður: María Kristjánsdóttir, félagsmálastjóri í Hveragerði.

Varamaður: Anný Ingimarsdóttir, félagsráðgjafi.

- Ritari og varaformaður: Sigurlín Guðný Ingvarsdóttir, Festa lífeyrissjóður.

Varamaður: Pröstur Sigurðsson, framkvæmdastjóri lífeyrissjóðs Rangæinga.

- Meðstjórnandi: Ásmundur Sverrir Pálsson, framkvæmdastjóri Fræðslunets Suðurlands.

Varamaður: Örlygur Karlsson, skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurlands.

- Meðstjórnandi: Már Guðnason, formaður verkalýðsfélags Suðurlands.

Varamaður: Bergsveinn Halldórsson, fulltrúi FOSS.

- Meðstjórnandi: Magna Fríður Birnir, hjúkrunarforstjóri NLFÍ.

Varamaður: Anna Margrét Magnúsdóttir, frá Árnesingadeildar Rauða Kross Íslands.

Haldnir voru þrír stjórnarfundir á starfsárinu, þann 11. febrúar, 23. apríl og 21. september. Helstu mál á dagskrá voru; mótun á starfi Birtu, þjónustusamningur við velferðarráðuneytið, kynning á starfsemi Birtu og aðstaða fyrir starfseminu.

Þjónustusamningur

Þjónustusamningur var undirritaður í desember 2009 á milli Birtu annars vegar og félags og tryggingarmálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og menntamálaráðuneytis hins vegar. Félagsmálaráðuneytið þáverandi sá um framkvæmd samnings þessa fyrir hönd ráðuneytanna. Samningurinn sem gildi til sex mánuða hljóðaði upp á tuttugu atvinnutengd endurhæfingarpláss á vorönn 2010. Hann var gerður að fyrirmynd samnings sem gerður var við aðrar starfsendurhæfingarstöðvar á árinu 2008. Samningurinn var síðan framlengdur í ágúst fyrir haustönn 2010. Vonir stóðu til að fjöldi pláss myndi aukast og að á haustönn yrðu tveir tuttugu manna hópar í starfsendurhæfingu. Hjá þeim stöðvum sem stofnaðar voru á undan Birtu var venjan sú að samið var um tuttugu pláss í upphafi og síðan fjölgaði plássunum þangað til þau náðu að hámarki fimmtíu á þeim svæðum sem hafa flesta íbúa (Akureyri, Suðurnes, Hafnarfjörður). Nýr samningur hefur ekki verið gerður við starfsendurhæfingarstöðvar síðan. Samningunum hefur einungis verið framlengt í tvo til fjóra mánuði í senn. Þessi óvissa í samningamálum er mjög hamlandi fyrir alla þróun starfsins og hefur áhrif á starfsmannahald en starfsöryggi starfsmanna er ekkert. Þá hefur ekki verið hægt að semja um greiðslur vegna eftirfylgdar en eftirfylgd á að geta verið í allt að átján mánuði eftir útskrift en engar greiðslur koma til vegna hennar. Ráðgjafar Birtu hafa reynt að sinna eftirfylgdarhópnum eftir föngum en ljóst er að ef vel ætti að vera þyrfti að fylgja fjármagn með. Þá þarf einnig að skoða tímalengd endurhæfingarinnar en átján mánuðir eru ekki nógu langur tími fyrir marga.

Starfsfólk

Fastir starfsmenn Birtu voru þetta starfsár:

- Sandra Guðmundsdóttir, forstöðumaður í 100% starfshlutfalli frá febrúar til júní og 50% starfshlutfalli frá ágúst til desember 2010 samhliða fæðingarorlofi.
- Raket Þorsteinsdóttir, þroskaþjálfari í 100% stöðu frá ágúst til desember 2010.

Samstarfsaðilar og kennarar

Fræðslunet Suðurlands er helsti samstarfsaðili Birtu en Birta leigir kennsluáðstöðu hjá Fræðslunetinu, auk þess sem starfsmenn Fræðslunetsins skipuleggja einstök námskeið fyrir Birtu, útvega kennara og veita ráðgjöf. Þá stundaði hluti þátttakenda nám hjá Fræðsluneti Suðurlands í nám og þjálfun, á námskeiðinu sterkari starfsmaður og skref til sjálfsjálpar.

Á árinu 2010 kenndu eftirtaldir kennarar eftirtalin námskeið:

- Eydís Katla Guðmundsdóttir, náms og starfsráðgjafi hjá Fræðsluneti Suðurlands kenndi námskeiðið aftur í nám eða starf og sjálfsstyrkingu. Auk þess veitti hún þátttakendum náms- og starfsráðgjöf.
- Elísabet Kristjánsdóttir, íþróttá- og heilsufræðingur kenndi heilsu- og lífsstílstengda fræðslu auk þess var hún með hreyfingu, gígtarhóp og aðhaldshóp.
- Garðar Björgvinsson, fjármálaráðgjafi kenndi fjármálanámskeið og veitti fjármálaráðgjöf.
- Herborg Auðunsdóttir, kennari og listamaður var með leirlistarnámskeið í vinnuaðstöðu sinni á Stokkseyri.
- Kolbeinn Sigurjónsson, kennari var með minnistækninámskeið.
- Leifur Viðarsson, tölvukennari kenndi tölvunámskeið.
- Ragnhildur B. Guðjónsdóttir, sagn- og viðskiptafræðingur var með fjármálanámskeið og fjármálaráðgjöf.
- Rakel Þorsteinsdóttir, þroskaþjálfari var með námskeiðið Efling í starfi samhliða starfsþjálfun.
- Rósa Traustadóttir, jógakennari og heilsuráðgjafi var með SMS sjálfsstyrkingarnámskeið og jóganámskeið.
- Sigríður Jónsdóttir, ACG-markþjálfari var með námskeiðið að ná fram því besta með ADHD/í fókus.

Fyrirlesarar

- Magna F. Birnir, hjúkrunarforstjóri á HNLFI og stjórnarmeðlimur í Birtu var með reykingafyrirlestur frá HNLFI.
- Már Guðnason, formaður verkalýðsfélags Suðurlands og stjórnarmeðlimur í Birtu; kom og fræddi þátttakendur um stéttarfélag.
- Sandra Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi og forstöðumaður Birtu var með ýmis konar fræðslu fyrir þátttakendur á hópfundum.
- Þór Hreinsson, þáverandi náms- og starfsráðgjafi hjá Vinnumálastofnun kom og kynnti starfsemi vinnumálastofnunar.

Aðrir samstarfsaðilar

Sigrún Ása Þórðardóttir sálfræðingur hjá Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði veitti sálfræðiþjónustu fyrir þá þátttakendur sem vildu nýta sér það. Aðrir samstarfsaðilar Birtu sem mætti nefna eru ráðgjafar á fjölskyldu- og félagsþjónustum sveitarfélaga á Suðurlandi, læknar og annað starfsfólk á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Sérfræðingar á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði, starfsfólk Vinnumálastofnunar og ráðgjafar Virk á Suðurlandi ásamt fleiri sérfræðingum sem koma að endurhæfingunni.

Tilvísanir

Á árinu 2010 var Birta sem fyrr segir með þjónustusamning við velferðarráðuneytið um tuttugu pláss. Á vorönn 2010 byrjuðu átján manns í starfsendurhæfingu. Af þeim héldu tíu manns áfram á haustönn og tólf nýjir þátttakendur bættust við. Samtals byrjuðu tuttugu og tveir þátttakendur á haustönn 2010. Vegna þess hversu fámennir hóparnir voru, voru þeir sameinaðir í einn hóp. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir því hvaðan tilvísanir berast, hvert kyn og aldur þátttakenda sé og hversu mikið brottfallið er.

Í fyrsta hópinn á vorönn 2010 bárust þrjátíu og þrjár tilvísanir. Í hóp tvö, á haustönn 2010 bárust þrjátíu og fimm tilvísanir.

Í töflu 1 má sjá hvaðan tilvísanirnar koma og hversu margir sækja um pláss hjá Birtu í kjölfarið.

Tafla 1. Fjöldi tilvísana til Birtu og fjöldi þátttakenda.

Tilvísanir/umsóknir	Vor 2010		Haust 2010	
	Fjöldi tilvísana	Þátttakendur	Fjöldi tilvísana	Þátttakendur
Félagsþjónusta	13	9	15	7
Heilsugæsla	5	4	9	1
Lífeyrissjóður			1	1
Virk			1	
Geðlæknir, sjálfst. Starfandi	2	1	1	
Geðeild LSH			1	1
Önnur starfsendurh.st.			1	1
Sálfræðingur				
Vinnumálastofnun	10	1	1	
VISS vinnu og hæfingarstöð			1	
Strókur			1	
Kynningarviðtal	3	3	3	1
	33	18	35	12

Fjöldi tilvísana frá félagsþjónustu voru tuttugu og átta. Frá heilbrigðiskerfinu voru tilvísanirnar fjórtán. Frá Vinnumálastofnun voru þær ellefu. Sex komu sjálfir í kynningarviðtal. Nokkuð margir einstaklingar sem vísað var til Birtu á vorönn 2010 hentaði ekki þátttaka að þessu sinni. Nokkuð var um að ungar konur væru ekki tilbúnar að fara frá ungum börnum sínum eða höfðu ekki gæslu. Sumir voru ekki tilbúnir. Töluverður hluti þeirra sem vísað var til Birtu af Vinnumálastofnun var að bíða eftir að komast í starf. Nokkrir mættu ekki í viðtöl þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að ná í fólk.

Brottfall

Á vorönn 2010 hætti einn þátttakandi þátttöku eða 5,5% þátttakenda. Um var að ræða karlmann sem hætti vegna fíknivanda.

Á haustönn 2010 hættu þrír þátttakendur þátttöku eða 25% þátttakenda. Um var að ræða tvo karla og eina konu. Tveir hættu vegna fíknivanda og sá þriðji af öðrum ástæðum.

Þátttakendur

Kynja- og aldurskipting

Í fyrsta hópnum sem hóf starfsendurhæfingu voru 10 karlar og 8 konur. Einn karl hætti þátttöku fljótlega svo skiptingin varð nokkuð jöfn, eða 9 karlar og 8 konur. Yngstu þátttakendurnir voru fæddir árið 1991 og sá elsti árið 1956. Aldursbil þátttakenda var því frá 19 ára upp í 54 ára.

Í hópi tvö sem byrjaði haustið 2010 voru 7 karlar og 5 konur. Yngsti þátttakandinn var fæddur árið 1991 og sá elsti 1954. Aldursbil þátttakenda var því frá 19 ára upp í 56 ára. Sjá nánar í töflu.

Tafla 2. Aldursdreifing þátttakenda á vor- og haustönn 2010.

	Vor 2010		Haust 2010	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
1991	1	2	1	
1990	1			
1989	1			1
1988			1	
1987			1	1
1986	1			1
1985	1	1		
1983			1	1
1982				1
1981	1			
1980	1			
1976	1			
1975		2		
1974	1			
1972			1	
1971	1			
1969		1	1	
1961		1		
1956		1		
1954			1	
	10	8	7	5

Búseta þátttakenda

Á vorönn 2010 bjuggu flestir þátttakendur á Selfossi, eða 10 einstaklingar. Þrír bjuggu í Hveragerði, tveir í Ölfusi, tveir í Uppsveitum Árnessýslu og einn á Hellu. Þeir sem keyrðu lengst að á vorönn voru frá Hrunamannahreppi og Hellu. Þátttakandinn frá Hellu fékk akstursstyrk frá sínu sveitarfélagi til að eiga kost á því að taka þátt í endurhæfingunni. Á haustönn 2010 bjuggu sem fyrr flestir þátttakendur á Selfossi eða í Árborg, eða nítján af tuttugu og tveimur. Tveir bjuggu í Hveragerði og einn í uppsveitum Árnessýslu.

Tafla 3. Búseta þátttakenda á Suðurlandi.

	Haustönn	Vorönn
Selfoss	10	17
Stokkseyri		1
Eyrbakki		1
Hveragerði	3	2
Ölfus	2	
Uppsveitir Árnessýslu	2	1
Hella	1	
	18	22

Afdrif þátttakenda

Af átján þátttakendum sem hófu starfsendurhæfingu hjá Birtu hætti sem fyrr segir einn fljótlega á önninni. Sjö þátttakendur héldu ekki áfram eftir fyrstu önnina. Tveir þátttakendur fóru á vinnumarkað. Ein flutti til Reykjavíkur. Aðrir hættu ýmist vegna veikinda eða af persónulegum ástæðum. Einn kom aftur á vorönn 2011 og annar á haustönn 2011.

Af þátttakendum sem byrjuðu á haustönn 2010 hættu sem fyrr segir þrír áður en önninni lauk. Einn þátttakandi útskrifaðist í lok annarinnar. Einn þátttakandi hætti fljótlega á annarri önninni sinni (vegna neyslu). Þrír þátttakendur útskrifuðust vorið 2011. Einn þátttakandi hafði áður lokið einni önn hjá starfsendurhæfingu Norðurlands. Viðkomandi hélt áfram í námi eftir útskrift frá Birtu og hefur nú lokið yogakennaranámi. Tveir útskrifuðust eftir tvær annir í starfsendurhæfingu hjá Birtu. Báðir voru á örorku en bauðst hlutastarf sem þeir voru tilbúnir að þiggja eftir að hafa byggt sig upp bæði andlega og líkamlega í endurhæfingunni. Einn

Þátttakandi flutti til Reykjavíkur eftir vorönn 2011 og fékk vinnu þar. Þrír þátttakendur héldu áfram í endurhæfingunni og eru tveir að útskrifast í desember 2011. Einn af þeim fékk tímabundið starf á haustönn 2011 en kom aftur inn í starfið hjá Birtu í lok haustannar.

Tafla 4. Afdrif þátttakenda sem byrjuðu á árinu 2010.

	Vor 2010	Haust 2010
Hættu á önninni	1	3
Fengu vinnu eftir önnina	2	
Fengu tímabundna vinnu á önninni	1	
Héldu áfram í endurhæfingu	10	8
Hættu vegna þess að úrræðið hentaði ekki	1	
Fluttu burt	1	
Hættu vegna veikinda	1	
Hættu vegna fjölskylduaðstæðna	2	
Útskrifuðust		1
	18	12

Endurhæfingin

Endurhæfingin hjá Birtu skiptist í þrjá þætti; félags- og sálrænan þátt, heilsufarslegan þátt og náms- og starfstengdan þátt. Endurhæfingin er einstaklingsmiðuð en fer fram í hóp. Hver einstaklingur hefur sinn ráðgjafa sem heldur utan um endurhæfingarferli viðkomandi. Gerð er krafa um að einstaklingurinn sé virkur í endurhæfingunni á öllum stigum endurhæfingarinnar. Einstaklingarnir gera endurhæfingaráætlun í samvinnu með ráðgjafa sínum á hverri önn og sumir oftár. Einstaklingar geta verið í starfsendurhæfingu hjá Birtu í allt að átján mánuði sem skiptast á þrjár annir og eina sumarönn. Starf Birtu er í stöðugri mótun og tekur starfið á hverjum tíma mið af aðstæðum og þörfum þátttakenda.

Vorönn 2010

Á vorönn 2010 voru eftirtalin námskeið í boði; Fjármálanámskeið, námskeiðið aftur í nám eða starf, heilsu- og lífsstílstengd fræðsla, tölvunámskeið og skapandi starf sem á þessari önn var leirlistarnámskeið. Hópfundir voru haldnir að jafnaði aðra hvora viku, þátttakendur fengu kynningar á atvinnutengdum réttindum frá Vinnumálastofnun og verkalýðsfélagi Suðurlands. Ætlunin var að fá kynningu frá lífeyrissjóði en viðkomandi forfallaðist því miður. Þá voru

Þátttakendur í líkamsþjálfun undir handleiðslu þjálfara, annars vegar í tækjasal einu sinni í viku og hins vegar í göngu, einnig einu sinni í viku. Í lok annarinnar fóru þátttakendur í göngur fyrir utan bæinn, m.a. í Þrastaskóg og á Ingólfsfjall. Einn þátttakandi fór í vatnsleikfimi. Önninni lauk með vorhátíð þar sem þátttakendur léku sér og héldu grillhátíð.

Nám eða námskeið utan skipulags starfs:

Tveir þátttakendur stunduðu auk þess nám hjá Fræðsluneti Suðurlands á námskeiðinu nám og þjálfun. Þá fóru tveir þátttakendur í sumarskóla FB.

Vegna þess hversu seint vorönnin byrjaði náði vorönnin fram í júní. Hlé var gert á starfi Birtu frá miðjum júní fram í miðjan ágúst.

Haustönn 2010

Á haustönn 2010 voru eftirtalin námskeið í boði hjá Birtu; Fjármálanámskeið, minnistækninámskeið, Að ná fram því besta með ADHD/Í fókus, SMS sjálfsstyrkingarnámskeið, Efling í starfi samhliða starfsþjálfun, tölvunámskeið, heilsu- og lífsstílstengd fræðsla. Þá var boðið upp á gigtarhóp og aðhaldshóp. Hreyfing var sem áður þjálfun í tækjasal og ganga. Breyting var gerð á fyrirkomulagi hreyfingar og hún látin vera í samfellu við stundatöflu þannig að þeir sem bjuggu utan Selfoss áttu betur kost á að taka þátt. Þjálfun í tækjasal var jafnframt aukin í tvö skipti í viku meðan þátttakendur voru að koma sér af stað og tileinka sér reglulega hreyfingu. Þátttakendum í Birtu bauðst að koma í jólaföndur hjá Stróki í desember og nýttu nokkrir þátttakendur sér það.

Til tilbreytingar yfir önnina var haldin pitsaveisla og farið í súpuveislu í Þrastalundi eftir göngu í skóginum.

Nám eða námskeið utan skipulags starfs:

Þrír þátttakendur sóttu námskeiðið Sterkari starfsmaður hjá Fræðsluneti Suðurlands, fjórir fóru á námskeiðið Skref til sjálfshjálpar og þrír stunduðu nám við Fjölbrautaskóla Suðurlands. Birta greiðir fyrir náms- og bókakostnað þátttakanda upp að ákveðnu marki.

Einstaklingsmiðuð endurhæfing

Til viðbótar við skipulagt starf Birtu voru þátttakendur í ýmis konar einstaklingsmiðaðri endurhæfingu. Má þar helst nefna sjúkráþjálfun, samtalsmeðferð hjá sálfræðingi, félagsráðgjafa, geðlækni eða geðhjúkrunarfræðingi, þátttaka í kúbbnum Stróki og AA-fundir.

Á vorönn 2010 nýttu fimm einstaklingar sér tuttugu og sex sálfræðiviðtöl. Á haustönn nýttu sjö til tíu einstaklingar sér fjörtíu og sex sálfræðiviðtöl og dáleiðslutíma (þrír af þessum tíu hættu í Birtu).

Útskrift

Fyrsti þátttakandinn var formlega útskrifaður í desember 2010. Viðkomandi hafði hafið starfsendurhæfingu á haustönn og farið í starfskynningu og var boðið starf í kjölfarið.

Starfskynningar

Á haustönn 2010 var boðið upp á starfskynningar og fóru fimm þátttakendur í starfskynningar. Fyrirkomulagið var þannig að þátttakendur komu með ósk um fyrirtæki eða stofnun sem þá langaði að kynnast og hafði ráðgjafi Birtu síðan samband við viðkomandi fyrirtæki eða stofnun og kannaði möguleika á starfskynningu. Vel gékk að fá fyrirtæki og stofnanir til samstarfs. Einum þátttakanda var boðið starf á leikskóla í kjölfar starfskynningar. Tenging við atvinnulífið er gríðarlega mikilvægur þáttur í starfsendurhæfingu og er stefnt að því að þróa þennan þátt enn frekar og auka vægi hans í endurhæfingunni.

Einn þátttakandi var í sjálfboðaliðastarfi samhliða þátttöku sinni í starfsendurhæfingu.

Samstarf við aðrar starfsendurhæfingarstöðvar

Forstöðumaður Birtu er í reglulegu samstarfi við aðrar starfsendurhæfingarstöðvar á landsbyggðinni varðandi uppbyggingu á starfsemi og starfið sjálft. Við mótun starfseminnar er mikilvægt að líta til þeirra stöðva sem fyrir eru sem fyrirmynd. Á árinu 2010 heimsótti forstöðumaður Samvinnu – Starfsendurhæfingu Suðurnesja og Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar. Haldinn var samráðsfundur í félagsmálaráðuneytinu í janúar og júní og komu þá fulltrúar frá öllum starfsendurhæfingarstöðvum.

Samstarf við stofnanir

Birta á í góðu samstarfi við fjölmargar stofnanir á Suðurlandi. Þær helstu má nefna Fræðslunet Suðurlands, Fjölbrautaskóla Suðurlands, félagsþjónustur sveitarfélaga, heilsugæsluna, Vinnumálastofnun, Viss vinnu- og hæfingarstöð og ráðgjafa Virk á Suðurlandi.

Reglulega eru haldnir samráðsfundir með Birtu, Virk, félagsþjónustu sveitarfélagsins Árborgar, Vinnumálastofnun og Viss. Til stendur að bjóða fleiri félagsþjónustum á Suðurlandi að vera með. Markmið samráðsfundanna er að stuðla að frekara samstarfi og samvinnu milli stofnana.

Mat á árangri og söfnun tölulegra upplýsinga

Þegar einstaklingur hefur endurhæfingu eru lagðir fyrir hann skimunarlistar, svokölluð *Skimun I og II* og *Grunnmat* til þess að fá fram ýmsar upplýsingar um stöðu einstaklingsins og aðstoða við markmiðasetningu. Þá er lagður fyrir þátttakendur listi sem kallast *Heilsutengd lífsgæði* í upphafi og lok annar til þess að mæla breytingar á líðan og heilsu á meðan á endurhæfingu stendur.

Í þjónustusamningnum er gerð krafa um að árangur sé mældur og upplýsingum safnað. Til þess eru m.a. ofangreindir listar notaðir. Þá tekur forstöðumaður saman ýmsar tölulegar upplýsingar eins og aldur, kyn, tilvísunaraðila, búsetu og ástæðu fjarveru frá vinnumarkaði. Þar sem starfsemin er enn í mótun munu hugsanlega fleiri aðferðir verða teknar upp. Það sem helst skortir á er utanumhald um upplýsingar en starfsendurhæfingarstöðvar hafa ekki, enn sem komið er, tölvuforrit til að halda utan um upplýsingar um þátttakendur. Virk hefur boðið aðgang að þeirra tölvukerfi og hefur forstöðumaður Birtu óskað eftir að fá að taka þátt í þróunarverkefni varðandi samvinnu á því sviði.

Lokaorð

Birta – starfsendurhæfing var formlega stofnuð á stofnfundi þann 19. maí 2009. Formleg starfsemi hófst 1. febrúar 2010 og hóf fyrsti hópurinn starfsendurhæfingu 1. mars 2010.

Þar sem ársfundur vegna ársins 2010 er haldinn í desember 2011 er hægt að segja frá þeim árangri sem náðst hefur síðan Birta hóf starfsemi. Strax eftir fyrstu önnina hættu tveir þátttakendur þar sem þeir höfðu fengið vinnu. Einn þátttakandi útskrifaðist í lok haustannar 2010 með vinnu. Þrettán manns útskrifuðust vorið 2011, af þeim voru sex komnir með vinnu, annað hvort hlutastarf eða fullt starf og fjórir héldu áfram í námi. Þrír einstaklingar hefðu þurft lengri endurhæfingu til að eiga möguleika á að komast aftur út á vinnumarkað. Þátttakendur segja sjálfir frá bættri andlegri og líkamlegri líðan, minni kvíða og meiri getu til að takast á við daglegt líf.

Starfsemi Birtu starfsendurhæfingar er gríðarlega mikilvæg fyrir íbúa á Suðurlandi sem og fagfólk í félags- og heilbrigðiskerfi þar sem úrræði fyrir fólk hafa ekki verið mörg á Suðurlandi. Það er mikilvægt að íbúar eigi kost á endurhæfingu eins nálægt heimabyggð og kostur er. Mikilvægi félagslega þáttarins verður þó ekki undanskilið. Margir þátttakendur í Birtu eru að glíma við kvíða, félagsfælni og félagslega einangrun. Í þeim tilvikum er mikilvægt að fólk mæti, hitti annað fólk og æfi sig í félagslegum samskiptum. Í þeim tilvikum þar sem þátttakendur hafa þurft að ferðast um langan veg til að sækja starfsendurhæfingu hafa sveitarfélög komið til móts við þátttakendur varðandi aksturskostnað. Á móti hefur sveitarfélagið Árborg styrkt Birtu með húsnæði.

Starfsemi Birtu er smátt og smátt að spyrjast út meðal íbúa á Suðurlandi og fagaðila og mun það vonandi leiða af sér aukna aðsókn. Á haustönn 2010 höfðu þátttakendur val um tvær leiðir annars vegar námstengda og hins vegar starfstengda til þess að koma sem best á móts við þarfir, áhuga og getu þátttakenda. Samstarf við fyrirtæki og stofnanir á Suðurlandi hefur verið til fyrirmyndar og vonar undirrituð að svo verði áfram.

Síðast en ekki síst – og í raun grunnforsenda fyrir áframhaldandi tilvist Birtu og annarra starfsendurhæfingarstöðva er að undirstrika að mikilvægt er að gerður verði nýr þjónustusamningur milli hins opinbera og starfsendurhæfingarstöðva til að tryggja áframhaldandi rekstur stöðvanna. Ljóst er að starfsendurhæfingarstöðvar hafa verið að skila miklum árangri og góðri þjónustu við íbúa með tiltölulega litlum kostnaði. Þörfin er brýn og mun vera svo á næstu árum. Það er því mikilvægt að koma skipan starfsendurhæfingarmála í fastan farveg og eyða óvissu þátttakenda og starfsfólks stöðvanna um framhaldið.

Selfossi, 2. desember 2011

Sandra Guðmundsdóttir,
Forstöðumaður Birtu.